

ÁRSSKÝRSLA 2011



Verkefnisstjóri

Helena Óladóttir er verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur. Hún hefur leitt starfsemi skólans frá upphafi hans, eða frá hausti 2005. Helena er menntaður kennari og lauk meistaraþrófi í Umhverfisfræðum frá Háskóla Íslands haustið 2005. Hún hefur mikla reynslu af málefnum menntunar til sjálfbærni og hefur setið í nefndum á vegum Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkur, Menntasviðs Reykjavíkur, umhverfisráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um ýmis fræðslu- og umhverfismál.



Verkefnisstjórn 2011

- Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri á grunnskóla-skrifstofu, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
- Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri, Skógræktarfélag Reykjavíkur
- Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, leikskólaráðgjafi - verkefnastjóri, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
- Magnús Arnar Sveinbjörnsson, skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur
- Orri Páll Jóhannsson, verkefnisstjóri *Skóla á grænni grein*, Landvernd
- Þórólfur Jónsson, skrifstofustjóri Náttúru og útivistar, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur
- Karen Pálsdóttir, umhverfis- og þróunarfulltrúi, Náttúra og útivist, leysti Magnús Arnar af haustið 2011

Ársskýrsla 2011

Skýrsluhöfundur: Helena Óladóttir
Forsíðumynd: Helena Óladóttir
Ljósmyndir bls. 5, 9 og 19 hægri Helena Óladóttir
Ljósmynd bls. 7 Auður Óskarsdóttir
Ljósmyndir bls. 8 og 19 vinstri fengnar frá leikskólanum Stakkaborg
Ljósmynd bls. 13 Robert Lättman-Masch
Ljósmynd bls. 15 Gerður Magnúsdóttir
Ljósmynd bls. 17 Gunnar Hersveinn
Umbrot: Helena Óladóttir
Prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja

Skýrslan er prentuð skv. umhverfisvottun Svansins og er einnig aðgengileg á pdf-formi á vefsíðu Náttúruskóla Reykjavíkur www.natturuskoli.is

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Kennaranámskeið	6
Umhverfismennt og útikennsla	
Tölulegar niðurstöður	
Innleiðing útináms í skólum	8
Sjálfbærnivísar Náttúruskólans	9
Grenndarsvæði skóla	11
Netverk - önnur verkefni	13
Ute är Inne 2011 í Malmö	
Teymi útikennara	
Norræni loftslagsdagurinn	
Varðliðar umhverfisins	
Kynningar, fyrirlestrar og þátttaka í fræðslu	
Náttúruskólinn á grænni grein	16
Lokaorð	19

Inngangur

Árið 2011 hafði í för með sér breytingar á starfsemi Náttúruskólans. Aðsókn á kennara námskeið á vegum skólans dróst saman svo mjög að hægt er að tala um hrun. Annir ársins 2011 voru því á margan hátt aðrar en áður. Meira svigrúm gafst til að sinna ráðgjöf og þróunarvinnu þó verkefnisstjóra þyki eftirsjá að námskeiðahaldinu sem hingað til hefur verið fyrirferðarmest í starfsemi skólans. Námskeið á starfsdögum skóla voru enn eftirsótt og í samræmi við áætlanir ársins.

Æ algengara er að Náttúruskólinn liðsinni skólum á heimavelli í stað þess að

kennarar sjái sér fært að sækja námskeið utan skólans sjálfs. Þörf á stuðningi við innleiðingu menntunar til sjálfbærni hefur aukist jafnt og þétt og leitað er eftir ráðgjöf Náttúruskólans í málefnum sem snerta menntun til sjálfbærni þar sem skólinn hefur tekið frumkvæði í að fjalla um efnið á hagnýtan hátt.

Af öðrum verkefnum má helst nefna þátttöku Náttúruskólans í ráðstefnunni Ute är Inne 2011 í Malmö, teymi grunnskólakennara í útinámi, auk fjölmargra erinda sem flutt voru fyrir ólíkan hóp áhýrenda á árinu.



Kennaranámskeið

Umhverfismennt og útikennsla

Kennaranámskeið Náttúruskóla Reykjavíkur eru sá þáttur starfseminnar sem mestrar athygli og eftirspurnar hefur notið. Á hausti 2010 dró úr þátttöku á námskeiðunum sem fram að því hafði verið í örum vexti. Þess var getið í ársskýrslu 2010. Á vori 2011 hélt þróunin áfram og var rætt í verkefnisstjórn um ástæður þessa, s.s. aukinn niðurskurður í fjármögnun skóla, uppsagnir og samdráttur í starfsmannahaldi skóla, sameining leikskóla, sameining sviða Reykjavíkurborgar og stofnun nýs Skóla- og fristundasviðs.

Á vormisseri voru allmörg námskeið á dagskrá Náttúruskólans. Meginhluta þeirra varð að fella niður vegna dræmrar skráningar og engin námskeið voru auglýst á hausti 2011. Niðurstaðan er sú að aðeins þrjú námskeið voru haldin á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur árið 2011 samanborið við 21 námskeið árið 2010, sjá töflu 1.

Fjölmennasta námskeið ársins var námskeið um *mat og loftslagsmál* sem haldið var í tilefni af Norræna loftslagsdeginum 11.11.11. Náttúruskóli Reykjavíkur kom í þriðja sinn að skipulagningu dagsins í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og í annað sinn var á hans vegum sérstakt námskeið haldið í tilefni af deginum.


Hin tvö námskeið ársins voru hefðbundnari útikennslunámskeið. Hið fyrri nefndist *Skógarleiðangur* og var haldið í samstarfi við Grasagarð Reykjavíkur. Námskeiðið var skipulagt út frá dagskrá sem boðið var upp á fyrir leikskólabörn í apríl í tilefni af *Alþjóðlegu ári skóga 2011*. Dagskráin byggðist upp á verkefnum tengdum trjám þar sem fléttað var saman notkun allra skynfæranna og upplifun á trjám og trjágróðri. Síðar á útikennslunámskeiðið var *Náttúruleikir* sem nú var haldið í áttunda skipti.

Tölulegar niðurstöður

Önnur tveggja lykiltalna fyrir starfsemi Náttúruskóla Reykjavíkur er fjöldi þátttakenda á námskeiðum á hans vegum. Í samræmi við samdrátt í námskeiðahaldi er fjöldi þátttakenda á námskeiðum ársins aðeins brot af þátttakendafjölda ársins 2010. Áætlun ársins gerði ráð fyrir 300 þátttakendum, líkt og áætlun ársins á undan. Þegar upp er staðið voru þátttakendurnir aðeins 43 af þremur námskeiðum ársins. Þessi þróun var þegar hafin á haustmisseri 2010 eins og fjallað er um í fyrri ársskýrslu og lagt til að leitað væri svara við því hverju þessi breyting sætti. Ætlunin var að gera könnun meðal leik- og grunnskólakennara til að leita skýringa á breyttri aðsókn

Tafla 1 Námskeið í umhverfismennt og útikennslu árið 2011

Dags.	Námskeið	Staður	Leiðbeinendur	Fjöldi þátttakenda
10.05.	Skógarleiðangur - í tilefni af Alþjóðlegu ári skóga 2011 og Grænum apríl	Grasagarður Reykjavíkur	Helena Óladóttir og Hildur Arna Gunnarsdóttir (Grasagarður Reykjavíkur)	11
25.05.	Náttúruleikir	Gufunes	Helena Óladóttir	15
08.11.	Matur og loftslagsmál - í tilefni af Norræna loftslagsdeginum 2011	Borgartúni 12-14	Dominque Plédel Jónsson (Slow Food Reykjavík), Halldór Björnsson (Veðurstofa Íslands) og Helena Óladóttir	17



á námskeiðin. Þrátt fyrir allmikinn undirbúning og ítrekaðar tilraunir reyndist ekki unnt að gera fullnægjandi könnun á þessu. Ástæður samdráttarins eru því getgátur líkt og áður, s.s. breytt rekstrarfyrirkomulag skóla, sameiningar o.fl. eins og fram kemur hér að framan.

I. mynd. Lykiltala I sýnir fjölda þátttakenda sem sótt hafa námskeið á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur á hverju ári.

* Árið 2006 voru námskeið aðeins haldin á haustmisseri.




Innleiðing útináms í skólum

Námskeið á starfsdögum skóla voru áfram vinsæl meðal leik- og grunnskóla. Á árinu 2011 voru haldin námskeið í 13 leikskólum, þar af í tveimur utan Reykjavíkur. Einnig þáði einn grunnskóli borgarinnar fræðslu og ráðgjöf frá Náttúruskólans hendi. Áætlun gerði ráð fyrir námskeiðum í 12 skólum svo hvað varðar árangur í þessu starfi má vel við una (sjá 2. mynd).

Langflestir sem óska eftir þessari fræðslu á starfsdegi leita eftir leiðsögn og upplýsingum um aðferðafræði útináms, þ.e. hversvegna er æskilegt að styðja við útinám með börnum og hvernig er best að bera sig að. Allmargir sækjast þó eftir leiðbeiningum um innleiðingu menntunar til sjálfbærni sem einn af sex grunnþáttum í nýrri menntastefnu þjóðarinnar.

Margir þeirra aðila sem hafa fengið fræðslu með þessum hætti sækjast eftir áframhaldandi samstarfi við Náttúruskólann. Sem dæmi má nefna að leikskóli, sem fékk fræðslu á starfsdegi fyrir þremur árum, var enn í samstarfi við Náttúruskólann vorið 2011 með þeim hætti að verkefnisstjóri studdi leikskólakennarana á vettvangi og tók þátt í útikennslustundum skólans.

Annað dæmi um samstarf sem sprettur út frá námskeiði á starfsdegi var könnun sem gerð var á orðanotkun barna í útinámi. Um var að ræða hóp elstu barna leikskóla. Þau voru tekin tali í janúar 2011 áður en samstarf Náttúruskólans og leikskólans um útinám hófst. Viðtölin voru tekin upp og í kjölfarið skráð þau hugtök og orð sem börnin notuðu yfir umhverfið, athafnir sínar og upplifanir á þessum tiltekna stað. Í sumarbyrjun voru viðtölin endurtekin og orðanotkun barnanna könnuð á nýjan leik. Börnin höfðu þá verið í markvissu útinámi um fjögurra mánaða skeið. Miklar breytingar urðu á hvaða orð börnin notuðu. Aukningin var mest áberandi í þáttum er lutu að leikjum barnanna í útináminu og hugtök tengd upplifun þeirra.



2. mynd Lykitala 2 sýnir fjölda námskeiða sem haldin eru á starfsdögum skóla á hverju ári.

Sjálfbærnivísar Náttúruskólans



Í tengslum við vinnu Umhverfis- og samgöngu-sviðs að sjálfbærnivísam voru settir fram þrjár vísar sem varpa eiga ljósi á starf Náttúruskóla Reykjavíkur og hvernig hann styrkir sjálfbæra þróun í Reykjavíkurborg.

Sjálfbærnivísir I sýnir fjölda reykvískra skóla sem senda þátttakendur á námskeið Náttúruskólans á hverju ári. Í samræmi við fækkun þátttakenda á námskeiðum Náttúruskólans má sjá fækkun meðal þeirra skóla sem senda þátttakendur á námskeiðin. Árið 2011 komu þátttakendur úr 9 leikskólum (36 árið 2010) og 11 grunnskólum (23 árið 2010), sjá 3. mynd.


Skekkja er þó í þessum tölum vegna sameiningar leikskóla. Dæmin eru nokkur þar sem árið 2006-2010 eru leikskólar sem teljast tveir en eftir sameiningu árið 2011 teljast þeir aðeins einn leikskóli. Það er því ekki athugasemdalaust sem hægt er að bera niðurstöður árunna saman.

Annar sjálfbærnivísir sýnir hversu margir reykvískir skólar hafa fengið fræðslu á starfsdegi frá Náttúruskóla Reykjavíkur. Fræðsla var veitt í 12 reykvískum leikskólum Reykjavíkur árið 2011 og í einum reykvískum grunnskóla, sjá 4. mynd.

Í þessum niðurstöðum er einnig skekkja á milli ára vegna sameiningar leikskólanna. Þegar á heildina er litið má þó segja að árinu 2011 ber mjög saman við árið 2009. Árið 2010 sker sig hins vegar úr vegna fjölda námskeiða sem haldin voru á starfsdögum skólanna.


Þriðji sjálfbærnivísirinn sýnir uppsafnaðan fjölda reykvískra leik- og grunnskóla sem með einhverjum hætti hafa fengið fræðslu frá Náttúruskóla Reykjavíkur. Í lok ársins 2011 höfðu um 70% leikskóla borgarinnar tengst starfi Náttúruskólans (60% árið 2011) og um 93% grunnskólanna (91% árið 2010), sjá 5. mynd.

Þessi vísir sýnir fram á að enn er Náttúruskólinn að sækja til nýrra kennara-hópa, þ.e. kennarar úr skólum sem fram til þessa hafa ekki leitað til Náttúruskólans eftir




3. mynd. Sjálfbærnivísir I - Fjöldi reykvískra leik- og grunnskóla sem sent hafa þátttakendur á námskeið á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur á hverju ári fyrir sig.

stuðningi eru að bætast í hóp þeirra sem sækja námskeið á hans vegum. Hér verður einnig að gera ráð fyrir skekkju í þessum niðurstöðum vegna sameiningar leikskóla borgarinnar og sýnir línan fyrir hlutfall leikskólanna lægra gildi en ella.



4. mynd. Sjálfbærnisvir II - Fjöldi reykvískra leik- og grunnskóla sem fengið hafa fræðslu á vegum Náttúraskóla Reykjavíkur á starfsdegi á tilteknu ári.



5. mynd. Sjálfbærnisvir III - Uppsafnað hlutfall reykvískra leik- og grunnskóla sem notið hefur þjónustu Náttúraskóla Reykjavíkur.

Grenndarsvæði skóla

Náttúruskóli Reykjavíkur hefur umsjón með verkefninu *grenndarsvæði skóla*. Það sækir fyrirmynd sína til grenndarskógasamninga sem gerðir hafa verið milli Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkur, verkefnisins *Lesið í skóginn* og einstakra grunnskóla borgarinnar. Vöntun hefur verið á viðlíka verkefni sniðið að þörfum leikskólanna samhliða auknum áhuga þeirra á útikennslu. Einnig hefur skort möguleika á þátttöku fyrir skóla sem ekki hafa aðgang að skógarsvæði í næsta nágrenni, eins og lagt er upp með í *LÍS*, heldur hafa kost á að nýta sér annars konar umhverfi til útináms.

Þegar um er að ræða samning um *grenndarsvæði skóla* er skrifað undir samning að uppfylltum fjórum skrefum, sjá töflu 2.

Tveir samningar voru undirritaðir árið 2011. Sá fyrri var gerður við leikskólann Hálsakot (sameinaður leikskóli Hálsakots og Hálsaborgar heitir nú Hálsaskógur) í maímánuði og hinn síðari við leikskólann Nóaaborg. Fram til áramóta 2011-2012 hafa því verið undirritaðir fjórir samningar, þrír þeirra eftir að verkefnið kom í umsjá Náttúruskólans. Upplýsingar um fyrirliggjandi samninga má sjá í töflu 3.

Fleiri samningar eru í bígerð á árinu 2012. Fyrirspurnum vegna *grenndarsvæða* skóla hefur fjölgað mjög þrátt fyrir að þessi möguleiki hafi ekki enn verið auglýstur í leik-




og grunnskólunum.

Skýrari mynd er farin að fást á hvaða möguleikar felast í samningum sem þessum. Helsti ávinningurinn er að tryggður er samráðsvettvangur milli borgarinnar og þeirra aðila sem nýta svæðið og borgarinnar og farvegur myndast fyrir samskipti er varðar svæðið. Sömuleiðis sýnir formlegur samningur fram á hagsmunahópa er varða tiltekin svæði borgarinnar. Rétt er þó að taka fram að samningurinn veitir skólum ekki rétt til nýtingar eða annars umfram þann rétt sem almenningur hefur á grænum svæðum borgarinnar.

Tafla 2 Ferli við gerð *grenndarsvæðissamnings* skóla og Umhverfis- og samgöngusviðs

1. Beiðni	Formleg beiðni þess eðlis að skóli óski eftir <i>grenndarsvæði</i> þarf að berast frá skólastjóra viðkomandi skóla til Náttúruskóla Reykjavíkur.
2. Samráð	Samráð er haft um val á svæði. Oft hafa umsækjendur skapað sér hefð í útinámi á tilteknu svæði eða óska sérstaklega eftir að mega fóstora ákveðið svæði í nágrenninu. Svæðið er skoðað m.t.t. eignarhalds og/eða kvaða, aðgengis, eiginleika og verndarsjónarmiða o.fl. sem haft getur áhrif á möguleika skólans til að nýta svæðið.
3. Fræðsla	Fram fer námskeið í viðkomandi skóla þar sem m.a. er farið yfir aðferðafræði útináms og helstu atriði sem hafa þarf í huga varðandi ágang á og umgengni við græn svæði borgarinnar. Fræðslan er í umsjá Náttúruskóla Reykjavíkur.
4. Samningur	Samningur undirritaður á vettvangi.

Tafla 3 Upplýsingar um þau grenndarsvæði sem samningar hafa verið gerðir um.

Dags. undirritunar	Nafn skóla	Staðsetning grenndarsvæðis
Nóvember 2009	Laufásborg	Hljómskálagarður, við horn Sóleyjargötu, Njarðargötu og Hringbrautar
10. september 2010	Brekkuborg	Við göngustíg fyrir neðan Húsahverfi í Grafarvogi
		
2. maí 2011	Hálsakot	Opið svæði í Seljahverfi milli Holtasels, Skriðusels og Skagasels
		
25. nóvember 2011	Nóaborg	Á Klambatrúni
		

Netverk - önnur verkefni

Ute är Inne 2011 í Malmö

Verkefnisstjóri Náttúruskólans átti þess kost haustið 2007 að sækja ráðstefnuna *Ute är inne* í Linköping í Svíþjóð en hún er haldin á tveggja ára fresti. Að ráðstefnunni standa ýmsir sænskir aðilar sem koma að menntun barna og kennara undir berum himni og er ein sú stærsta sem haldin er á vettvangi úti-kennslu og umhverfismenntar í Evrópu. Ekki gafst tækifæri til að taka þátt í henni árið 2009.

Í október 2010 var þess farið á leit við verkefnisstjóra Náttúruskólans að vera leiðbeinandi á ráðstefnunni 2011. Með ánægju var orðið við þessari beiðni og stóð verkefnisstjóri fyrir vinnustofu um *útinám og menntun til sjálfbærrar þróunar* í Malmö í lok september.

Vinnustofan byggði að nokkru leyti á námskeiði sem haldið var haustið 2010 og bar yfirskriftina *Útinám – lykill að menntun til sjálfbærni* og samnefndri grein í Skólavörðunni þá um haustið. Vinnustofan var fullbókuð og alls tóku þátt í henni 20 manns. Mikil ánægja var með efni vinnustofunnar enda víðar en á Íslandi sem þörf er á stuðningi á þessu sviði.

Ráðstefnan fór í heild sinni afar vel fram. Að þessu sinni var hópur íslenskra kennara þátttakandi á ráðstefnunni. Náttúruskóli Reykjavíkur auglýsti að sjálfsgöðu ráðstefnuna hérlendis að vori 2011 og fjölmargar fyrirspurnir bárust frá kennurum vegna hennar.

Í september blés því verkefnisstjóri Náttúruskólans til samfundar allra þeirra Íslendinga sem skráð sig höfðu til þátttöku á ráðstefnunni. Fundinn sóttu yfir 30 manns, víðsvegar á landinu. Þátttakendur komu flestir úr leikskólum en allnokkrir grunnskólakennarar voru meðal þátttakenda. Farið var yfir skipulag og dagskrá ráðstefnunnar, fyrirlesarar kynntir og skoðað hvernig íslensku þátttakendurnir dreifðust á vinnustofur ráðstefnunnar.

Sá hópur sem þarna kom saman lýsti



yfir miklum áhuga á að halda tengslum sín á milli og myndar grunninn að teyimum sem fjallað er um hér á eftir.

Teymi útikennara

Verkefnisstjóri Náttúruskólans hefur lengi óskað þess að koma á laggirnar teymi reyndra útikennara sem lið í jafningjafræðslu þeirra. Í kjölfar ráðstefnunnar í Malmö gafst loksins tækifæri til að koma slíkum hópi á laggirnar.

Myndaður var hópur reyndra útikennara úr grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Nokkrum skólum var boðin þátttaka og hverjum þeirra heimilt að senda 3-4 þátttakendur í teymið. Ekki gátu allir þegið boðið í haust og því var fyllt upp í laus pláss með reyndustu kennurum höfuðborgarsvæðisins. Í teyminu eru kennarar úr Ártúnskóla, Ingunnarskóla, Norðlingaskóla og

Sæmundarskóla auk Snælandsskóla, Setbergsskóla og Engjaskóla.

Fyrirhugaðir eru alls fimm samverufundir í vetur. Þátttakendur skiptast á að vera gestgjafar teymisins og halda fundinn á þeim stað sem þeir eru vanir að nota með nemendum sínum. Á hverjum fundi er annars vegar farið í gegn um verkefni sem gestgjafar hverju sinni skipuleggja. Það eru verkefni sem þeir sjálfir hafa reynt af og hafa gefið góða raun í kennslu (best practice). Hins vegar er fjallað um tiltekið efni, rit eða grein um útinám.

Fyrstu tveir fundir teymisins voru í október og nóvember. Á fyrri fundinum, sem fram fór í Grasagarði Reykjavíkur í boði Náttúruskólans, var skipulag vetrarins rætt, ýmis gögn, kennslubækur og rit um útinám kynnt og Helena skipulagði tvö stór úti-verkefni með hliðsjón af efni vinnustofunnar í Malmö.

Síðari fundur haustsins var í boði Hafnarfjarðarskólanna. Tekið var á mótí þátttakendum á skógræktarsvæði Hafn-firðinga, þátttakendur fóru í gönguferð og leystu ýmis verkefni og að lokum voru verkefni rædd yfir rjúkandi kakói ásamt efni sem Helena undirbjó fyrir fundinn.

Á vormisseri eru skipulagðir þrjú fundir teymisins, í Sæmundarseli í Grafarholti, í Björnslundi í Norðlingaholti og í Ártúns-holtinu.

Mikill áhugi er á að koma á laggirnar viðlíka teymi fyrir leikskólakennara og munu þátttakendur ráðstefnunnar í Malmö í haust mynda kjarnann í þeim hópi.

Norræni loftslagsdagurinn - Námskeið

Eins og áður hefur komið fram stóð Náttúruskóli Reykjavíkur fyrir námskeiði fyrir kennara í tengslum við Norræna loftslagsdaginn 11. nóvember. Undirbúningur dagsins var þó á höndum Menntamálaráðuneytisins sem leitaði eftir samstarfi við Náttúruskólann í skipulagningu og framkvæmd hans. Norræn samkeppni um umhverfismál er meginviðfangsefni Norræna loftslagsdagsins og í ár var þemað *matur og loftslagsmál*. Var áður nefnt námskeið Náttúruskólans hugsað sem liður í undirbúningi kennara fyrir þátttöku í samkeppninni.

Á námskeiðinu fjallaði Halldór Björnsson um loftslagsbreytingar, orsakir þeirra og afleiðingar og Dominique Plédel Jónsson kynnti hugmyndafræði *SlowFood* sem miðar að því að gera framleiðslu og neyslu matvæla ánægjulega og umhverfisvæna. Verkefnisstjóri Náttúruskólans kynnti ýmis kennsluverkefni um mat og loftslagsmál.

Í tengslum við norræna loftslagsdaginn var einnig skipulögð matreiðslukeppni á vegum Menntaskólans í Kópavogi. Líkt og í norrænu samkeppninni fólst verkefni keppenda í því að búa til loftslagsvænan skyndibita. Allmargar tillögur bárust og sat verkefnisstjóri í þriggja manna dómnefnd sem mat innsendar tillögur út frá heilsufarssjónarmiðum, umhverfisáhrifum og bragði og útliti réttanna.

Verðlaun voru afhent við hátíðlega athöfn í Norræna húsinu á loftslagsdaginn, 11.11.11.

Varðliðar umhverfisins

Líkt og fyrri ár stóð Náttúruskóli Reykjavíkur ásamt Umhverfisráðuneyti og Skólum á grænni grein að verkefnasamkeppninni *Varðliðar umhverfisins*. Þátttaka í keppninni fer vaxandi frá ári til árs og hefð er fyrir því að umhverfisráðherra veiti tilnefninguna *Varðliðar umhverfisins* á degi umhverfisins 25. apríl ár hvert.

Varðliðar umhverfisins árið 2011 voru nemendur í umhverfisnefnd Þjórsárskóla fyrir gerð sorpflokkunarbæklings fyrir sveitarfélagið. Bæklingurinn var afrakstur samstarfs skólans og sveitarfélagsins um innleiðingu á nýju sorpflokkunarkerfi. Nemendur sáu um alla gerð bæklingsins og sveitarfélagið kostaði prentun og dreifingu hans til allra heimila, líka sumarbústaða. Markmið umhverfisnefndarinnar var að skólinn legði sitt af mörkum til samfélagsins með því að auka skilning íbúa á breyttu fyrirkomulagi sorphirðu.

Kynningar, fyrirlestrar og þátttaka í fræðslu

Náttúruskóli Reykjavíkur tók þátt í fræðslu á vettvangi með fyrirlestrum og kynningum á fjölmörgum stöðum á árinu og hér skal þess

helsta getið:

- Fyrirlestrar um útinám voru haldnir í námskeiðum á Menntavísindasviði HÍ á árinu
- Menntavísindasvið HÍ. Líkt og fyrri ár var fjallað um stærðfræði og útinám í mars á stærðfræðikjörsviði og í október var fjallað um útinám og menntun til sjálfbærni í námskeiðinu *Græn nytjahönnun*.
- Námskeiðsdagur í samnorrænu verkefni um sjálfbærni fór fram í Hálsakoti í febrúar. Þar fjallaði verkefnisstjóri um menntun til sjálfbærni og var með vinnustofu utandyra fyrir þátttakendur.
- Erindi um virka útiveru yngstu barnanna, *Litlu börnin leika sér*, var flutt á námskeiðsdegi dagforeldra í Ými í apríl.
- Í maí fengu grænir fræðsluleiðbeinendur Vinnuskóla Reykjavíkur leiðsögn um umhverfismennt í grenndarskógi Ártúnskóla.
- Í sama mánuði kom Náttúruskólinn að menntun erlendra kennara sem sótti Comeniusarnámskeið um útinám til Íslands.
- Í júní var Náttúruskólinn með kynningu á útinámi í þjónustumiðstöðinni Vesturgarði.
- Tekið var á móti hópi Tékka sem sóttu Umhverfis- og samgöngusvið heim í september. Móttakan fór fram í Heiðmörk. Kynnt var starfsemi Náttúruskólans, farið var í náttúruleiki og boðið upp á heita hressingu við eldinn í Rjóðrinu við Elliðavatnsbæinn.
- Umhverfisþing var haldið á Selfossi í október. Þar hafði verkefnisstjóri Náttúruskólans með höndum skipulagningu *ungmennamálstofu um náttúruvernd*.



Náttúruskólinn á grænni grein

Náttúruskóli Reykjavíkur fagnaði þeim áfanga á árinu að fá afhentan sinn fyrsta *grænfána*. Fáninn er alþjóðleg viðurkenning fyrir árangursríkt umhverfisstarf skólans. Fáninn var dreginn að húni á nýja íslenska fánastöng Grasagarðs Reykjavíkur í Laugardal við hátíðlega athöfn þann 16. júní 2011. Viðstaddir voru fjölmargir gestir, m.a. fulltrúar í verkefnisstjórn skólans, umhverfisnefnd, samstarfsaðilar og aðrir velunnarar skólans.

Umhverfisnefnd var starfandi allt árið og fundaði á vormisseri á fjögurra vikna fresti. Hlé var tekið á starfi nefndarinnar yfir sumartímann og hafist handa að nýju að hausti.

Nefndin ákvað að þemað sem tekið yrði fyrir skólaárið 2010-2011 skyldi vera *samgöngur*. Í starfi Náttúruskólans var þess gætt með þrennum hætti:

1. Námskeið á vegum skólans voru auglýst með upplýsingum um ferðir strætisvagna til og frá námskeiðsstað.
2. Þátttakendur á námskeiðum voru hvattir til að nota umhverfisvænar samgöngur.
3. Þeir þátttakendur sem þurftu að treysta á einkabílinn til að komast á námskeiðsstað voru hvattir til að bjóða öðrum far og sameinast um bílferðir.

Í ársbyrjun var sótt um að fá að flagga

fyrsta fána Náttúruskólans og var skilað inn greinargerð með umsókninni. Fulltrúar verkefnisins mættu á starfsdegi í leikskóla í borginni þar sem Náttúruskólinn var með fræðsludagskrá til að taka fræðsluna út m.t.t. markmiða *Skóla á grænni grein*. Eins og fyrr segir var fyrsti grænfáninn afhentur Náttúruskólanum í sumarbyrjun.

Á vefsvæði Náttúruskólans er sérstakt svæði helgað grænfánastarfinu. Þar má lesa nánar um áherslur grænfánastarfsins og þær leiðir sem farnar voru árið 2011 í ofangreindri greinargerð með umsókn. Allar fundargerðir eru birtar á vefnum ásamt öðrum gögnum er varða grænfánastarfið. Sjá á vef Náttúruskólans www.natturuskoli.is.

Umhverfisnefndin tók þá ákvörðun að vori að í nefndinni gæti hver sá setið sem hefði áhuga á að leggja henni lið. Hvatning til setu í umhverfisnefndinni var send um leið og boðið var til móttöku í tilefni af afhendingu fyrsta fánans. Allmargar fyrirspurnir bárust nefndinni en þrátt fyrir það er nefndin óbreytt skólaárið 2011-2012 frá fyrra ári. Til liðs við nefndina hefur þó gengið starfsmaður Náttúru og útivistar sem m.a. hefur með höndum grænfánastarf Vinnuskóla Reykjavíkur.

Umhverfisnefnd Náttúruskólans er

Tafla 4 Umhverfissáttmáli Náttúruskóla Reykjavíkur

Náttúruskóli Reykjavíkur er miðstöð þekkingar og upplýsinga um útinám og umhverfismennt.

Markmið starfseminnar er að fræða og hvetja til góðra verka í umhverfismálum.

Náttúruskólinn endurspeglar hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og er fyrirmynd í umhverfismálum.

skipuð til eins árs í senn og starfið er sjálfböðavinna. Í umhverfisnefnd Náttúruskóla Reykjavíkur skólaárið 2011-2012 sitja eftirfarandi:

- Hafdís Ragnarsdóttir, grunnskólakennari í Foldaskóla
- Jóhanna Höskuldsdóttir, grunnskólakennari í Engjaskóla
- J. Aðalheiður Vilhjálmisdóttir, leikskólakennari í Garðaborg
- Jónína Guðný Bjarnadóttir, leikskólakennari í Hálsaskógi
- Hildur Arna Gunnarsdóttir, fræðslustjóri Grasagarðs Reykjavíkur
- Karen Pálsdóttir, umhverfis- og þróunarfulltrúi, Náttúra og útivist
- Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur
- Helena Óladóttir, verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur



Lokaorð

Ársskýrsla Náttúruskóla Reykjavíkur birtir nú niðurstöður verkefna skólans í sjötta skipti. Nokkrar breytingar urðu á starfsemi skólans á liðnu ári. Dregið hefur úr vægi kennaranámskeiða en þörf fyrir stuðning við innleiðingu og starf á vettvangi er meiri en nokkru sinni áður.

Samstarf Náttúruskóla Reykjavíkur og skóla borgarinnar hefur verið mjög farsælt og gefandi. Ánægjulegt er að fylgjast með börnum sem fá tækifæri til að njóta útináms á skólatíma sínum og sjá hvernig upplifun þeirra smitar smám saman skólann sem heild og

nærsamfélagið. Sömuleiðis er gefandi að geta aðstoðað kennara við að ná árangri í starfi og nálgast markmið skólastarfsins.

Framundan er nýtt starfsár Náttúruskólans. Það felur í sér enn frekari áskoranir í að koma á móts við þarfir grunn- og leikskóla borgarinnar. Huga þarf að námskeiðaframboði og breyttum námsleiðum skóla, styðja þarf við starf skólanna að menntun til sjálfbærni og huga þarf að innviðum og baklandi Náttúruskólans svo honum sé fært að sinna skjólstæðingum sínum með sem bestum hætti.





www.natturskoli.is



LANDVERND

Reykjavík
Febrúar 2012